

Menntaskólanum á Akureyri, 23. júní 2014

Kæri nýnemi,

með þessu bréfi vil ég bjóða þig velkomna/velkominn í Menntaskólann á Akureyri.

Það er mikilvægt að þú kynnir þér skólann sem vinnustað þar sem ætlast er til þess að allir geri sitt besta. Skólinn býður þér upp á góða menntun og ég óska að þú verðir ötull þátttakandi í félagsstarfi skólans því það er afar mikilvægur þáttur í menntun þinni hér í MA.

Til þess að staðfesta umsóknina þarftu að greiða **45.500 kr.** Greiðsluseðill er sendur með pósti á heimilisfang þitt en hann kemur einnig í heimabanka ef þú hefur aðgang að slíku en annars í heimabanka foreldra. Gjaldið er byggt á eftirfarandi þáttum:

- Innritunargjald, 12.000 kr.
- Þjónustu- og efnisgjald, 13.000 kr.
- Efnisgjald í áföngunum menningar- og náttúrulæsi, samtals 11.000 kr. fyrir skólaárið. Efnisgjaldið kemur í stað bókakostnaðar í þessum áföngum og er einnig nýtt í námsferðir.
- Árgjald í skólafélag Menntaskólans á Akureyri, 7.500 kr.
- Nemendasjóður, 1000 kr.
- Skólasjóður, 1000 kr.

Óskir þú eftir því að vera ekki félagi í skólafélaginu með þeim réttindum sem það veitir eða greiða í sjóðina tvo getur þú fengið gjöldin, samtals 9,500 kr., endurgreidd hjá fjármálastjóra frá 24. september – 2. október 2014.

Gjaldtagi er 1. júlí og eindagi 17. júlí og ef greiðsluseðill er ekki greiddur fyrir eindaga er litið svo á að skólavist hafi verið afþökkuð. Vinsamlegast tilkynnið þó einnig í tölvupósti á ma@ma.is ef ekki stendur til að þiggja skólavist.

Nám í 1. bekk í MA einkennist m.a. af mikilli verkefnavinnu og því er mælt til þess að nýnemar hafi aðgang að fartölvu eða öðru vinnutæki sem þeir geti komið með í skólann. Nemendur fá við upphaf skóla sitt eigið ma-netfang, skjalasvæði á innri vef skólans (OneDrive for Business) og leyfi til að nota öll helstu Office-forritin frá Microsoft.

Skólinn verður settur mánudaginn **15. september** kl. 10:30 á HÓLUM en þar er aðalinngangurinn í skólann. Allir nemendur og forráðamenn eru hvattir til að koma að skólasetningu.

Menntaskólinn á Akureyri er bekkjaskóli með áfangakerfi, tvær annir á skólaári og próf í lok hvorrar annar, í janúar og júní. Nýnemar geta óskað eftir einum bekkjarfélagi **en sú ósk verður að vera gagnkvæm**. Óskir um bekkjarfélaga skal senda á netfangið bekkir@ma.is fyrir **1. ágúst**.

Stuttu fyrir skólabyrjun verður hægt að sjá bekkjaskipan, bókalista og stundaskrá í Innu, upplýsingakerfi allra framhaldsskóla.

Skólafélagið Huginn heldur alla jafna skiptibókamarkað í upphafi skólaárs.

Nemendur sem stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á **jöfnunarstyrk**. Allar upplýsingar um hann er að finna á www.lin.is.

Skrifstofur skólans eru lokaðar vegna sumarleyfa frá og með 30. júní til 11. ágúst. Unnt er að koma skilaboðum til skólans í tölvupósti á netfang skólans sem er ma@ma.is.

Það eru mikil umskipti að koma úr grunnskóla í framhaldsskóla, þú berð sjálf/ur ábyrgð á námi þínu en við höfum mikinn áhuga á að þér gangi vel. Það skiptir öllu að þú komir í skólann til þess að gera þitt besta og leggir þig fram um að gera dvöl þína í Menntaskólanum á Akureyri gagnlega og skemmtilega.

Frekari upplýsingar um skólann og skólabyrjunina verða settar á vef skólans, www.ma.is, í september.

Með bestu kveðjum og ósk um velfarnað í Menntaskólanum á Akureyri.

Jón Már Héðinsson

skólameistari